

EFTIRLITSSKÝRSLA

Mýrdalshreppur við Uxafótarlæk



Dags eftirlits	1.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Mýrdalshreppur	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Austurvegi 17	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4612830399	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Freyr Elínarsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	501748,175 324486,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Eitt varðar að aðgangur að athafnasvæði urðunarstaðar skal vera takmarkaður (Norðan Þjóðvegjar), annað varðar að engar skráningar liggja fyrir frá árinu 2022. Þriðja frávíkið varðar skilum innra eftirlits til eftirlitsaðila. Ein ábending er lögð fram.

Útistandandi eru fimm eldri frávík. Tvö frá reglubundnu eftirliti ársins 2021 er varða skráningar innra eftirlits og skilum á niðurstöðum skráninga. Þrjú frá reglubundnu eftirliti ársins 2019 er varða skilum á skráningum, aðgengilegri viðbragðsáætlun og að lokum takmörkun aðgangs að urðunarstað.

Óskað var eftir úrbótaáætlun vegna útistandandi frávíka síðasta eftirlits, og átti að hafa borist eftirlitsaðila fyrir 17. desember 2021. Þeirri úrbótaáætlun er enn óskilað.

Viðbragðsáætlun var nú aðgengileg og er því frávíki lokið.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Kynning á nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar og breyttu fyrirkomulagi í boðun eftirlita
- Farið yfir urðunarsögu staðarins
- Kynning á áhersluverkefni ársins um mengaðan jarðveg
- Skoðunarferð á urðunarstað

Uppruni úrgangsins sem urðað er á staðnum er úr Mýrdalshreppi. Urðunarstaðurinn er tvískiptur, og skiptist beggja megin af Þjóðvegi 1. Norðan vegar er urðaður óvirkur úrgangur, en sunnan vegar er urðuð seyra. Allur almennur úrgangur er sendur í urðun á Skógarsandi.

Enginn fastur starfsmaður er á urðunarstað. Starfsmaður áhaldahúss fer á svæðið og er mjög tilviljunarkennt hvenær það er og hvenær tekið er á móti úrgangi.

Urðun á staðnum hefst um aldamótin, deiliskipulag svæðisins var samþykkt í kringum 1998. Fyrir þann tíma, er ekki vitað til þess að urðun hafi átt sér stað á urðunarstað.

Heimilt er að urða 80 tonn af úrgangi á ári. Við eftirlit lágu ekki fyrir upplýsingar eða skráningar um magn og tegundir af úrgangi sem hefur verið urðað árið 2022.

Engin óhöpp hafa átt sér stað á urðunarstaðnum og engar kvartanir hafa borist rekstraraðila.

Tiltækt var tryggingarskírteni vegna umhverfisstjóns rekstrar og einnig var viðbragðsáætlun vegna mengunartjóns aðgengileg rekstraraðila.

Norðan vegar er aðgangur að urðunarstað ótakmarkaður. Við eftirlit var hlið ólæst inn á svæðið, en engin starfsemi í gangi. Auðsýnt er að komið hefur verið fyrir smávægis úrgangi sem ekki tengist rekstraraðila, vegna óhefts aðgangs, sem þarf að hreinsa í burt. Í starfsleyfi, gr. 2.1. er tekið fram að halda skal athafnasvæði urðunarstaða snyrtilegu.

Það sem fellur helst til af úrgangi norðan Þjóðvegjar er jarðvegs og garðaúrgangur, ásamt nokkru magni af steinsteypuúrgangi. Á haustmánuðum 2019 var malbikunarstöð með stöðuleyfi á svæðinu. Ekki var sjáanlegt að stöðin hefði viðveru þar enn, en töluvert af efni tengt starfsemi hennar var til staðar. Óheimilt er að geyma úrgang á svæðinu og rekstraraðili minntur á að urða úrgang sem fyrst.

Sunnan vegar var komið að læstu hliði, og svæðið umhverfis urðunarstaðinn afgirt með nýlegum eða vel viðhöldnum girðingum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 2.1. í starfsleyfi, sbr. 7 tl. I. viðauka við rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs.	Aðgangur að urðunarstað skal vera takmarkaður. Hlið að urðunarstað norðan Þjóðvegjar var ekki læst og sjáanlegt að losun hefur átt sér stað í óleyfi vegna óhindraðs aðgangs.
Gr. 5.1. í starfsleyfi, sbr. 22. gr rg. nr. 738/2003.	Engar skráningar liggja fyrir frá síðasta rekstrarári. Þær eiga að innihalda: a) Upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem tekið hefur verið á móti. b) Magn og tegundir spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar, ásamt staðfestingu flutningaðila. c) Mengunaróhöpp, og þá viðbrögð við þeim.
Gr. 5.3. í starfsleyfi, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.	Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið almanaksár. Skráningar vegna ársins 2022 hefur ekki borist eftirlitsaðila.

ÁBENDINGAR

Mælst er til þess að tekið sé til á urðunarsvæðinu norðan Þjóðveggar 1 og allt rusl fjarlæggt sem borist hefur inn á urðunarstaðinn vegna losunar sem átt hefur sér stað í óleyfi.

ANNAD

Verði breytingar á tengiliðum, má upplýsa Umhverfisstofnun um þær breytingar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

